

# *Framtíðarsýn Landssamtaka skógareigenda 2011-2020*

**Samvinna - þekking - árangur**



*Október 2011*

# Efnisyfirlit

## Kafli 1

Hlutverk ..... 3

## Kafli 2

Framtíðarsýn ..... 3

## Kafli 3

Áherslur gagnvart hagsmunaaðilum ..... 5

## Kafli 4

Markmið ..... 7

## Kafli 1

# Hlutverk

Landssamtök skógareigenda (LSE) gæta hagsmuna skógarbænda og skógareigenda sem stunda skógrækt. Samtökin stuðla að þekkingaröflun og faglegum vinnubrögðum í skógrækt á Íslandi. LSE stendur að söfnun, úrvinnslu, vörslu og miðlun upplýsinga um fagleg málefni skógræktar.

LSE hvetur til nýtingar lands á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Með aukinni skógrækt skapast í senn verðmæti tengd nýjum atvinnutækifærum og verðmæti í formi timburs, bindingu koltvísýrings, bættum skilyrðum til matvælaframleiðslu, orkuöryggi með aukinni nýtingu á skógarauðlindinni. Hin jákvæðu umhverfisáhrif skógræktar felast í timburframleiðslu, ræktun og framleiðslu matvæla í skjóli skóga, umhverfisbótum, endurheimtu landgæða og auknum fjölbreytileika í lífríkinu.

LSE er virkur aðili í stefnumörkun í skógræktarmálum og samhæfingu skógræktarstarfs á Íslandi.

**Samtökin eru traustur og ábyrgur aðili í skógrækt. Samskipti þeirra við alla hagsmunaaðila einkennast af heiðarleika og skilvirkni.**

## Kafli 2

# Framtíðarsýn

LSE axlar forustuhlutverk á sínu sviði og er virkur þátttakandi í stefnumörkun stjórnvalda á sviði skógræktar og landnýtingar. Samtökin standa fyrir fræðslustarfi á eigin vegum og í samvinnu við aðra aðila og eru mikilvægur hlekkur í þeirri keðju sem vinnur að sjálfbærri hagnýtingu gæða landsins.

Málflutningur samtakanna er hófstílltur, byggir á þekkingu á viðfangsefninu, virðingu fyrir skoðunum annarra um leið og hagsmuna félagsmanna er gætt í hvívetna. Samtökin njóti virðingar fyrir störf sín í þágu skógræktar og landnýtingar og leggi áherslu á jákvæð, uppbyggileg og gagnkvæm samskipti við helstu hagsmunaaðila.

**Einkunnarorð LSE eru „Samvinna - þekking - árangur.“**

### **Samvinna**

Landssamtök skógareigenda verði öflug samtök skógareigenda er nái til landeigenda í gegnum landshlutfélög skógareigenda, sem rækta eigin skóg í atvinnuskyni.

LSE metur mikils starf áhugamannafélaga í skógrækt. Starf þeirra stuðlar að auknum áhuga almennings á skógrækt, í þéttbýli jafnt sem dreifbýli, og beinir sjónum fólks að jákvæðum áhrifum hennar á atvinnulíf, mannlíf og umhverfi.

LSE hafi góð tengsl við ríkisvaldið og sé þátttakandi í stefnumörkun stjórnvalda við endurskoðun laga um landshlutabundin skógræktarverkefni, skógrækt og landgræðslu en sé umsagnaraðili um aðrar mikilvægar ákvarðanir.

Fjárhagur LSE sé traustur og grundvallist á þremur straumum, 1) samningi um að annast verkefni á sínu sviði fyrir ríkissjóð, 2) eðlilegri hlutdeild í sjóðagjöldum eða öðru því sem tekur við af þeim og 3) eigin fjáröflun.

### **Þekking**

Lögð verði áhersla á markaðsdrifna ræktun nytjaskóga, sem í framtíðinni geti staðið undir jöfnu framboði af nytjaviði til hagkvæmrar úrvinnslu, sem og öðrum tekjuskapandi skógarnytjum.

Samhliða verði stunduð umfangsmikil skjólbeltarækt, landbótaskógrækt, jólatrjárækt, berja- og ávaxtarækt, ásamt annarri ábatasamri ræktun í skógi og því fylgt eftir með virku mati á árangri og rannsókn- og þróunarstarfi.

LSE leggur áherslu á mikilvægi öflugra rannsókna og þekkingaröflunar í skógrækt. Samtökin standi við bakið á öflugri menntun í skógrækt á háskólastigi, sem og tækni- og fagmenntun fyrir sína félagsmenn.

### **Framtíðarmarkmið**

Stefnt er að því að skógariðnaður verði viðurkennd atvinnugrein, þ.e., skógrækt, úrvinnsla og sala afurða.

Gert er ráð fyrir að árið 2020 verði ræktaður skógur í atvinnuskyni á 1200 jörðum og ársverk í skógrækt á þessum býlum orðin allt að 300. Þannig stuðli samtökin að jákvæðum áhrifum á veðurfar og umhverfi með skjólmyndun, bættri vatnsmiðlun og vernd jarðvegs gegn rofi.

Til verði öflugir aðilar, sem geti tekið að sér ræktun nytja- og landbótaskóga og skjólbeltarækt fyrir ríki, sveitarfélög, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga.

LSE beiti sér fyrir aukinni skógrækt og meiri, betri og hagkvæmari landnýtingu til eflingar íslensku atvinnulífi. LSE stuðli þannig að öflugri úrvinnslu skógarafurða og verðmætasköpun.

LSE verði driffjöðrin í uppbyggingu á öllum sviðum skógræktar, úrvinnslu afurða skógarins og faglegum og viðurkenndum vinnubrögðum við mat og sölu á kolefnisbindingu.

# Áherslur gagnvart hagsmunaaðilum

Allt starf LSE miðist við að þjóna félagsmönnum sem best, með öflugri hagsmunagæslu, menntun og miðlun upplýsinga um alla þætti skógræktar.

## Landshlutabundin skógræktarverkefni

LSE vill eiga gott og náið samstarf við landshlutabundin skógræktarverkefni sem nú eru: Austurlandsskógar, Héraðsskógar, Norðurlandsskógar, Skjólsskógar á Vestfjörðum, Suðurlandsskógar og Vesturlandsskógar.

## Opinberir aðilar

LSE vill eiga gott og náið samstarf við þá opinberu aðila, sem tengjast greininni s.s. landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, háskóla á sviði landbúnaðar, umhverfissráðuneyti, Skipulagsstofnun, einstök sveitarfélög, fjármálaráðuneyti, skattstjóra og Alþingi. Samtökin verði umsagnaraðilar við lagasetningu og aðrar mikilvægar ákvarðanir varðandi skógrækt landnýtingu og skipulag almennt.

## Sjálfstæð félög

LSE vill eiga gott samstarf við félagasamtök sem vinna að skógrækt og landgræðslu.

## Bændasamtök Íslands

LSE er fullgildur aðili að Bændasamtökum Íslands með þeim gagnkvæmu réttindum og skyldum sem því fylgja.

## Erlend samskipti

LSE er í samstarfi við erlend systurfélög í þeim tilgangi að deila með þeim þekkingu og reynslu. Áfram verði stuðlað að samstarfi um rannsóknaverkefni á sviði almennrar skógræktar, úrvinnslu timburs og annarra nytja úr skógi, menntunar og hvers konar framþróun innan nytjaskógræktar.

## Almenningur

LSE kynni starfsemi sína meðal landsmanna til þess að sem flestir þekki mikilvægi skógræktar og ávinning af henni og faglegum vinnubrögðum á því sviði.

## Umhverfið


Segja má að umhverfið í heild sinni sé einn af hagsmunaaðilum farsællar framkvæmdar verkefna LSE. Skógrækt er áhrifarík leið til að binda koltvíldi (CO<sub>2</sub>). Þá stuðlar aukin skógrækt að markvissari landnýtingu og bættum búsetuskilyrðum á Íslandi.

## Landshlutabundin skógræktarverkefni

Landssamtök skógareigenda leggja áherslu á að eiga góð fagleg tengsl og samstarf við landshlutabundnu skógræktarverkefni um gagnkvæma hagsmuni.

# Landssamtök skógareigenda

## Hagsmunaaðilar



Kafli 4

## Markmið

**Að viðurkennd verði atvinnugreinin skógrækt og skógariðnaður, sem felur í sér úrvinnslu, bindingu kolefnis, markaðssetningu og sölu, vöruþróun og rannsóknarvinnu á öllum stigum. Unnið verði að jöfnu framboði skógarafurða, bestu tegundum og kvæmum til ræktunar.**

LSE verði áfram öflugur hagsmunagæsluaðili fyrir skógareigendur. Innávið felst verkefni stjórnar og félagsmanna í að efla þekkingu á skógrækt og úrvinnslu skógarafurða og stuðla að auknu samstarfi í greininni. Útávið felst verkefnið í að vera í góðu faglegu sambandi við sem flesta aðila sem tengjast skógrækt, hafa góð fagleg tengsl við þá aðila sem taka ákvarðanir í málaflokknum og koma sjónarmiðum samtakanna á framfæri innávið til aðildarfélaganna og útávið til fjölmiðla og almennings á hófstílltan og sanngjarnan hátt.

### Hagsmunagæsla

LSE sinnir hagsmunagæslu fyrir skógareigendur með þátttöku í stefnumörkun þeirri er varðar skógrækt og landnýtingu.

LSE leitast við að aðstoða skógareigendur ef ágreiningur kemur upp í samskiptum við þriðja aðila þannig að haldið sé utan um þau fordæmi sem þannig skapast.

LSE leggur áherslu á að skipan skógræktar sem atvinnugreinar verði einfölduð og samræmd og að allar breytingar sem kunna að verða á landshlutabundnu skógræktarverkefnunum verði gerðar í sátt og með samþykki LSE.

Lögð er áhersla á að tryggja orku- og matvælaöryggi þjóðarinnar með ræktun og framleiðslu matvæla í skjóli skóga og orkunýtingu úr skógarauðlindinni.

Við endurskoðun nýrra skógræktarlaga verði fullt tillit tekið til landshlutabundnu skógræktarverkefnanna.

Við endurskoðun jarðalaga verði nytjaskógrækt viðurkennd búgrein.

### Fjármálalegir þættir

#### Markmið

Að tryggt verði fjármagn úr ríkissjóði til að ná markmiðum stjórnvalda um nytjaskógrækt á að minnsta kosti 5% af láglendi.

Í upphafi að nýju stefnumótunartímabili LSE verður unnið að nýrri þingsályktun og hún samþykkt.

Áfram verði unnið að öflun fjármagns til frekari rannsóknastarfa á sviði skógræktar í atvinnuskyni. Viðhaldið verði sterkum tengslum við rannsóknastöðina á Mógilsá.

### **Leiðir**

- Samningur við ríkisvaldið til a.m.k. 10 ára í senn um fjárframlög til landshlutabundinna skógræktarverkefna.
- Gerður verði samstarfssamningur við Mógilsá um öflun og miðlun þekkingar um skógrækt í atvinnuskyni.
- Rétt skráning sjóðagjalda verði tryggð í samvinnu við Bændasamtökin. LSE hafi ávallt sama rétt til fjármagns og aðrar búgreina.
- Fylgst verði með styrkjaáætlunum Evrópusambandsins meðal annars með tilliti til rannsóknastyrkja og samstarfsverkefna.

### **Félagslegir þættir**

- Aðalfundir LSE séu, auk þess að vera formlegur vettvangur skoðanaskipta, til að efla félagsleg tengsl milli aðildarfélaga og landshlutaverkefna í skógrækt.
- Reglubundnir fundir með fulltrúum aðildarfélaga LSE.
- Reglubundnir árlegir fundir með framkvæmdastjórum landshlutabundinna skógræktarverkefna.
- LSE sé í tengslum við erlend systurfélög í þeim tilgangi að deila með þeim þekkingu og styrkja hinn félagslega þátt starfseminnar.

### **Faglegir þættir**

#### **Markmið**

LSE stuðli að faglegum vinnubrögðum innan greinarinnar og vinni að uppbyggingu öflugrar fræðslu sem gerir skógareigendur meðvitaðri um markaðsdrifna skógrækt.

LSE framfylgi stefnu samtakanna á hverjum tíma á sviði rannsókna og geri tillögur um forgangsröðun rannsókna auk þess að vera milliliður um styrki til vísindamanna þegar það á við.

LSE beiti sér fyrir því að eftirlit með skógrækt sem stunduð er í atvinnuskyni verði leiðbeinandi og stuðli að uppbyggingu greinarinnar. Mikilvægt er að allt eftirlit verði einfalt og hlutverk eftirlitsaðila verði skýrt afmarkað og ekki íþyngjandi.



### **Leiðir**

- Stutt verði við fagráð um skógrækt er fjallar um gæðamál og önnur fagleg málefni nytjaskógræktar og LSE eigi fulltrúa þar inni
- Fræðsluferðir og aukin menntun þeirra sem starfa í greininni.
- Elft verði samstarf við háskólastofnanir á sviði menntunar, rannsókna og vöruþróunar.

## **Fræðslustarfsemi, kynningarmál og útgáfa**

### **Markmið**

LSE miðli upplýsingum um starfsemi samtakanna og sinni fræðslustarfsemi.

### **Leiðir**

- Útgáfa blaðsins Við skógareigendur verði efl.
- Heimasíðu samtakanna verði breytt í [www.skogarbondi.is](http://www.skogarbondi.is)
- Afurðaðætti skógareigenda verði gerð góð skil á heimasíðu samtakanna með markaðshugsun að leiðarljósi.
- Tengslum við gagna- og upplýsingabanka verði efl.
- Tengsl við erlend systurfélög verði nýtt til að sækja þekkingu.
- Haldin verði námskeið fyrir þátttakendur í skógræktarverkefnum.
- Unnið verði að því að skógrækt verði einn þáttur í námsskrá grunnskólans, jafnt fyrir yngri sem eldri nemendur.

## **Markaðsmál**

### **Markmið**

LSE tekur þátt í þróunarvinnu um nýtingu skógarafurða. LSE verði virkur þátttakandi í þróunarvinnu fagstofnanna og einkaaðila um nýtingu allra skógarafurða.

Að unnin verði spá um nýtanlegt magn afurða við tiltekin skilyrði og fjárfestingu. Saman fari mat á fjárhagslegum og umhverfislegum þáttum.

Áhersla verði lögð á að bæta nýtingu skógarafurða, en þess jafnframt gætt að taka tillit til aðstæðna á mörkuðum, þegar nýting er ákvörðuð.

Eign skógarbænda á losunarkvóta gróðurhúsalofttegunda sem þeir binda í skógum sínum verði viðurkennd.

### **Leiðir**

- Lagt verði mat á þau verðmæti sem losunarkvóti fyrir gróðurhúsalofttegundir hefur í för með sér fyrir skógarbændur.
- Fylgt verði eftir 15 ára átaki LSE í ræktun jólatrjáa.
- Fylgt verði eftir átaki LSE í varðandi aðrar nytjar skógarins.

- Unnið verði markvisst að gæðastýringu innan greinarinnar.
- Fram fari rannsóknir á þörfum markaðarins fyrir skógarafurðir þannig að ljóst liggi fyrir hvar sóknarfæri eru.
- Leitað verði samstarfsaðila um úrvinnslu og markaðsmál.
- Fram fari úttekt á kolefnisbindingu skógarjarða eftir viðurkenndum leiðum.
- Stuðlað verði að því að á Íslandi verði viðurkennd vottunarstöð vegna mats og mælingar á kolefnisbindingu.

## ***Fjármál***

### **Markmið**

LSE verði fjárhagslega sterk samtök með tryggja og öfluga fjáröflun til starfseminnar, árangursríka nýtingu fjármuna og verði áfram með trausta fjármálastjórn.

Tryggt verði að LSE verði ekki háð einni tegund fjáröflunar.

LSE geri kostnaðaráætlanir fyrir verkefni og starfsemi, gæti ýtrustu ráðdeildar og hagsýni og eflí vitund allra þátttakenda um kostnað við hvern og einn þátt í starfsemi samtakanna.

### **Leiðir**

- Núverandi fjáröflun LSE verði endurskoðuð frá grunni.
- Kannað verði hvaða fjáröflunarleiðir eru færar og möguleg samkeppni greind.
- Þjónusta LSE verði seld þriðja aðila þegar það á við.
- Starfsmenn leiti ávallt tilboða og afsláttar við kaup á vörum og þjónustu.

## ***Gæðamál***

### **Markmið**

LSE setji sér viðmið um gæði skógarafurða, lands- og ræktunaráætlana.

Að stuðla að því að það byggist upp öflugir aðilar á sviði plöntuframleiðslu og ætíð notast við nýjustu og öruggustu leiðir við að ná fram mestum gæðum við framleiðslu skógarplantna á hverjum tíma.

Árangur skógræktarstarfs verði metinn í samvinnu við Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefni.

### **Leiðir/mælikvarðar**

- Að notast verði við besta erfðaeefni við framleiðslu á skógarplöntum.
- Reglum um mat á umhverfisáhrifum verði fylgt.
- Fylgst verði með afföllum í gróðursetningu.

- Fylgst verði með viðarvexti.
- Tryggður verði stöðugleiki í framleiðslu.
- LSE beiti sér fyrir stöðlun aðfanga og afurða þar sem það á við.

## ***Framkvæmdar- og stjórnunarmál***

### **Markmið**

LSE hafi fast aðsetur fyrir starfsemi sína og starfsmenn. Starfsmenn LSE vinni að úrlausn þeirra verkefna sem koma á borð samtakanna, vinni með landshlutafélögum skógarbænda og vinni að því að framhald verði á þjónustusamningi við ráðuneyti skógræktar.

Gerður verði samningur við ráðuneyti skógræktar um að LSE taki að sér framkvæmd skilgreindra verkefna. Um verði að ræða þjónustusamning um ákveðin verkefni eins og skráningu á timburmagni úr skógum, fjölda skógareigenda, stærð ræktunarlands í nytjaskógrækt, fjölda jólatrjáa í ræktun og sölu, samantekt á öðrum nytjum, uppbyggingar á gæðastýringu innan greinarinnar, ásamt öðru því sem ráðuneytið óskar eftir og LSE getur sinnt.

Hlutverk skrifstofu LSE er að hafa góð tengsl við landshlutafélög og verkefnastjórnir einstakra skógræktarverkefna, vinna að fjármögnun og daglegum rekstri starfseminnar.

### **Leiðir**

- Þjónustusamningur við ráðuneyti skógræktar.
- Öflug stjórn LSE.
- Starfsmenn í samræmi við verkefni hverju sinni.

*Þessi endurskoðaða stefnumörkun LSE er unnin af stjórn samtakanna og lögð fram á aðalfundi LSE á Eiðum 7. og 8. október 2011.*